



Minniháttar framkvæmdir Undanþegnar byggingarheimild, -leyfi og tilkynningu

Efni: Samantekt mismunandi framkvæmda

Eftirfarandi mannvirkjagerð er undanþegin tilkynningaskyldu, byggingarheimild og -leyfi. Hún skal vera í samræmi við deiliskipulag og önnur ákvæði reglugerðar þessarar eins og við á hverju sinni.

Dæmi um framkvæmdir sem flokkast geta undir minniháttar:

- a. Allt viðhald innanhúss og utan, þ.m.t. endurnýjun léttra innveggja
- b. Uppsetning móttökudiska, allt að 1,2 m í þvermál.
- c. Allt viðhald lóða, girðinga, bílastæða og innkeyrslna.
- d. Gerð palla á eða við jarðvegsyfirborð og annar frágangur
- e. Skjólveggir og girðingar allt að 1,8 m á hæð, á eða við lóðamörk, með samþykki lóðarhafanna. 2 m langir og 2,5 m háir skjólveggir áfastir við hús. Miða við jarðvegshæð lóðar sem hærrí er.
- f. Smáhýsi að hámarki 15 m² að stærð, mænishæð 2,5 m, mælt frá yfirborði jarðvegs. Slík hús eru ekki ætluð til gistingar eða búsetu. Verða að vera a.m.k. 3 m frá lóðamörkum nema samþykki liggí fyrir.